

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-55/2012:

I

Hinn 31. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna endurnýjunar á þakkanti sem framkvæmd var af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Ágreiningur aðila stendur m.a. um það hvaða hluti unnins verks féll innan tilboðs seljanda og eftirfarandi verksamnings milli aðila, en af þeim ágreiningi leiðir frekari ágreiningur um hvort tiltekin verk töldust falla innan tilboðs eða vera viðbótarverk og hvort seljandi hafi tilkynnt álitsbeiðanda um þau verk á meðan á framkvæmdum stóð. Að auki telur álitsbeiðandi að hluti þess efnis sem notað var í verkið sé gallaður. Er krafa álitsbeiðanda sú að endanlegur reikningur fyrir verkið verði í samræmi við áðurnefndan verksamning.

II

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Í 5. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

„Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða sérfróða menn nema að 2. mgr. 4. gr. eigi við í málinu.“

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu, ásamt þeim gögnum sem borist hafa frá seljanda, verður ekki betur séð en ágreiningur aðila sé flókinn og varði ýmiss, ef ekki flest atriði við framkvæmd þess verks sem ágreiningurinn stendur um. Að auki deila aðilar um túlkun skriflegs samnings sem gerður var um verkið og hvað felist í undanfarandi tilboðum seljanda í verkið, á hverju samningurinn var síðan byggður. Kæruneftndin telur útilokað að forsendur séu fyrir því að gefa efnislegt álit á deiluefni aðila, sem byggjandi yrði á, án þess að til komi yfirheyrslur yfir þeim sem að verkinu komu með einhverjum hætti. Kæruneftndin hefur ekki heimild til að efna til slíkra yfirheyrslna og lítur svo á, m.a. af þeim sökum, að ágreiningur aðila sé þess eðlis að hún geti ekki tekið afstöðu til hans með álitsgerð, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006, sem rakin er hér að framan. Kæruneftndin vísar því álitsbeiðni frá sér.

III

Álitsorð

Vísað er frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa álitsbeiðni X.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir